

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 13/2011

2011/EES/37/07

frá 1. apríl 2011

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2010 frá 1. október 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/59/ESB frá 26. ágúst 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/32/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um útdráttarleysa sem notaðir eru við framleiðslu matvæla og innihaldsefna í matvælum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzzi (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/32/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32010 L 0059:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/59/ESB frá 26. ágúst 2010 (Stjtið. ESB L 225, 27.8.2010, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/59/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 225, 27.8.2010, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.